



ÁFORM UM LAGASETNINGU

– sbr. samþykkt ríkisstjórnarinnar frá 24. febrúar 2023, 1.–4. gr.

Málsheiti og nr.	Frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 100/2007 (eingreiðsla og orlofs- og desemberuppbót) FRN26050034
Ráðuneyti og skrifstofa	Félags- og húsnæðismálaráðuneyti. Skrifstofa vinnumarkaðar og almannatrygginga.
Innleiðing EES-gerðar?	☐ Já ☒ Nei
Dags.	7. júlí 2026

A. Tilefni

Forsaga máls og tilefni, þar á meðal að hvaða marki gildandi lög og reglur duga ekki til?

Frá árinu 2020 hafa þeir sem hafa átt rétt á greiðslu örorkulífeyris og hlutaörorkulífeyris sem og sjúkra- og endurhæfingargreiðslum (áður endurhæfingarlífeyrisþega) samkvæmt lögum um almannatryggingar, nr. 100/2007 fengið eingreiðslu í desember ár hvert til viðbótar við desemberuppbót lífeyrisþega sem tryggð hefur verið árlega með reglugerðum þess efnis. Jafnframt fengu þeir sem áttu rétt á fullri greiðslu ellilífeyris sambærilega eingreiðslu í desember árið 2024 og 2025. Ákvörðun um framangreinda eingreiðslu til örorku- og hlutaörorkulífeyrisþega sem og sjúkra- og endurhæfingargreiðsluþega (áður endurhæfingarlífeyrisþega) hefur í fyrirnefndum tilvikum verið tekin að hausti fyrir yfirstandandi ár hverju sinni. Tilefni frumvarps þessa er að tryggja eingreiðslu í desember fyrir árið 2026 fyrir tekjulægstu hópa þeirra sem eiga rétt samkvæmt lögum um almannatryggingar á greiðslu örorkulífeyris skv. 24. gr., hlutaörorkulífeyris skv. 25. gr. eða ellilífeyris skv. 16. eða 17. gr., sem og þeir sem eiga rétt á greiðslu sjúkra- og endurhæfingarlífeyris skv. 27. gr. Árlega hefur ráðherra kveðið á um greiðslur sérstakra orlofs- og desemberuppbóta til lífeyrisþega í reglugerð sem sett er samkvæmt heimild í 63. gr. laga um almannatryggingar, nr. 100/2007, sem er almenn reglugerðarheimild um nánari framkvæmd laganna. Í lögnum er því ekki fjallað sérstaklega um greiðslu orlofs- og desemberuppbóta til lífeyrisþega. Tilefni frumvarps þessa er meðal annars að leggja til breytingu á lögum um almannatryggingar þar sem tryggð verði skýrari lagastoð fyrir greiðslu orlofs- og desemberuppbóta til lífeyrisþega. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að nýrri málsgrein verði bætt við 21., 24., 25. og 27. gr. laga um almannatryggingar þar sem kveðið verði á um heimild ráðherra til að ákveða í reglugerð að árlega séu greiddar orlofs- og desemberuppbætur til örorku-, hlutaörorku- og ellilífeyrisþega sem og sjúkra- og endurhæfingargreiðsluþega. Jafnframt er gert ráð fyrir að ráðherra verði heimilt að setja fram nánari skilyrði fyrir slíkum greiðslum í reglugerð.

Úrlausnarefnið er að tryggja eingreiðslu í desember fyrir árið 2026 fyrir tekjulægstu hópa þeirra sem eiga rétt samkvæmt lögum um almannatryggingar á greiðslu örorkulífeyris skv. 24. gr., hlutaörorkulífeyris skv. 25. gr. eða ellilífeyris skv. 16. eða 17. gr., sem og þeir sem eiga rétt á greiðslu sjúkra- og endurhæfingarlífeyris skv. 27. gr., enda hafi þeir verið með skráð lögheimili hér á landi 1. nóvember 2026. Þá er úrlausnarefnið einnig að tryggja skýrari lagastoð fyrir greiðslu orlofs- og desemberuppbóta til framangreindra hópa lífeyrisþega.

Þar sem kveðið hefur verið á um fyrirnefnda eingreiðslu í ákvæði til bráðabirgða í lögum um almannatryggingar, nr. 100/2007, er ekki unnt að greiða fyrirnefndum hópum umrædda eingreiðslu í desember fyrir árið 2026 nema kveðið verði sérstaklega á um það með lagasetningu.

Ráðherra hefur árlega kveðið á um greiðslur sérstakra orlofs- og desemberuppbóta til lífeyrisþega í reglugerð sem sett er samkvæmt heimild í 63. gr. laga um almannatryggingar, nr.

100/2007, sem er almenn reglugerðarheimild um nánari framkvæmd laganna. Rétt þykir að tryggð verði skýrari lagastoð fyrir greiðslu orlofs- og desemberuppbóta til lífeyrisþega.

B. Markmið

1. Stefna hins opinbera á viðkomandi málefnasviði/málaflokki (t.d. stjórnarsáttmáli).

Stefna ríkisstjórnarinnar á málefnasviði 27 er meðal annars að skapa samfélag fyrir okkur öll, draga úr fátækt og bæta kjör lífeyrisþega. Þá segir jafnframt í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnar Samfylkingar, Viðreisnar og Flokks fólksins, dags. 21. desember 2024, að meðal annars verði gripið til aðgerða til að lyfta greiðslum almannatrygginga til tekjulægri lífeyrisþega. Þá segir einnig að gripið verði til frekari aðgerða til að bæta grunnframfærslu tekjulágra lífeyrisþega umfram vísitölupróun, sbr. 8. tölul. markmiða stefnuyfirlýsingarinnar. Sú breyting sem hér er áformuð á lögum um almannatryggingar er liður í þeim aðgerðum.

2. Markmið sem að er stefnt með lagasetningu.

Markmiðið sem stefnt er að bæta kjör fyrrgreindra hópa sem eiga rétt á greiðslum skv. lögum um almannatryggingar, einkum tekjulægstu einstaklinganna, sem og að auka skýrleika laganna með skýrari lagastoð fyrir greiðslu orlofs- og desemberuppbóta til lífeyrisþega.

C. Útfærsla

1. Stutt lýsing á þeirri útfærslu sem áformuð er, heildarlög/breytingalög, innleiðing EES-gerðar o.s.frv. Rökstuðningur þar sem reifaðar eru mögulegar leiðir við lagasetningu.

Ef ekkert yrði aðhafst myndu fyrrgreindir hópar ekki fá eingreiðslu í desember fyrir árið 2026. Jafnframt myndi slíkt leiða til þess að áfram þyrfti að kveða á um greiðslu orlofs- og desemberuppbóta til lífeyrisþega í reglugerð sem sett er með stoð í almennri reglugerðarheimild um nánari framkvæmd laga um almannatryggingar.

Ljóst þykir að breyta þarf lögum um almannatryggingar til að ná fram þeim markmiðum sem að er stefnt.

Gert er ráð fyrir að frumvarp verði lagt fram á Alþingi á haustþingi 2026.

2. Að auki, ef innleiðing EES-gerðar: Taka þarf fram ef fyrirhugað er að ganga lengra en lágmarkskröfur gerðar kveða á um og greina frá ástæðum þess (svigrúm til innleiðingar).

Nei.

D. Breytingar

Helstu fyrirhuguðu breytingar á gildandi lögum og reglum, hvort heldur bætt er við eða fellt brott.

Áformað er að gera breytingar á lögum um almannatryggingar, nr. 100/2007.

Gengið er út frá því að í fyrirhuguðu frumvarpi verði bætt við lög um almannatryggingar nr. 100/2007 nýju ákvæði til bráðbirgða. Gert er ráð fyrir að þar verði kveðið á um sérstaka eingreiðslu í desember fyrir árið 2026 til tekjulægstu greiðsluþeganna samkvæmt lögum um almannatryggingar.

Þá er gengið út frá því að í fyrirhuguðu frumvarpi verði bætt við lög um almannatryggingar nr. 100/2007 nýrri málsgrein í 21., 24., 25. og 27. gr. laga um almannatryggingar. Gert er ráð fyrir því að þar verði kveðið á um heimild ráðherra til að ákveða í reglugerð að árlega séu greiddar orlofs- og desemberuppbætur til örorku-, hlutaörorku- og ellilífeyrisþega sem og sjúkra- og endurhæfingargreiðsluþega. Jafnframt er gert ráð fyrir að ráðherra verði heimilt að setja fram nánari skilyrði í reglugerð.

E. Samræmi við stjórnarskrá og þjóðarétt – aðrar grundvallarspurningar
1. Koma áformin inn á svið stjórnarskrár og þjóðréttarskuldbindinga? Nei. 2. Varða áformin ákvæði EES-samningsins um ríkisaðstoð, tæknilegar reglur um vöru og fjarþjónustu eða frelsi til að veita þjónustu? Nei. 3. Eru önnur lög sem taka þarf tillit til? Nei.
F. Samráð
1. Hverjir eru helstu hagsmunaaðilar? Þeir sem eiga rétt samkvæmt lögum um almannatryggingar á greiðslu örorkulífeyris skv. 24. gr., hlutaörorkulífeyris skv. 25. gr. eða ellilífeyris skv. 16. eða 17. gr., sem og þeir sem eiga rétt á greiðslu sjúkra- og endurhæfingarlífeyris skv. 27. gr. 2. Er skörun við stjórnarmálefni annarra ráðuneyta? Nei. 3. Samráð sem þegar hefur farið fram. Samráð hefur farið fram við Tryggingastofnun. 4. Fyrirhugað samráð (samráðsgátt og annað samráð). Gert er ráð fyrir að birta bæði áformaskjal og drög að frumvarpi í samráðsgátt stjórnvalda í samræmi við 3. og 9. gr. samþykktar ríkisstjórnarinnar um undirbúning og frágang stjórnarfrumvarpa og þingsályktunartillaga, sbr. 10. gr. reglna um starfshætti ríkisstjórnar.
G. Mat á áhrifum þeirrar leiðar sem áformuð er
1. Niðurstaða frummats á áhrifum, sbr. fylgiskjal. Áformað er að kostnaður við eingreiðsluna fyrir árið 2026 muni nema um 2 ma.kr. Ekki er gert ráð fyrir að áformaðar breytingar í tengslum við reglugerðarheimild fyrir greiðslu orlofs- og desemberuppbætur hafi aukinn kostnað í för með sér.
H. Gildistaka og næstu skref
1. Hvenær er gert ráð fyrir gildistöku? Hvað má ætla að þeir sem verða fyrir áhrifum, þ.e. opinberar stofnanir, hagsmunaaðilar og almenningur, þurfi langan tíma til undirbúnings og aðlögunar? Gert er ráð fyrir að frumvarp verði lagt fram á Alþingi á haustþingi 2026 og að frumvarpið taki þegar gildi við samþykkt þess á Alþingi. Mikilvægt þykir að málið verði afgreitt tímanlega á Alþingi svo unnt verði að greiða umrædda eingreiðslu í desember 2026.

2. Mælikvarðar á árangur.

Hækkun ráðstöfunartekna tekjulægstu einstaklinganna sem rétt eiga á greiðslum samkvæmt lögum um almannatryggingar og að auka skýrleika framkvæmd greiðslna um orlofs- og desemberuppbætur.

I. Annað

|

J. Fylgiskjöl

1. Mat á áhrifum lagasetningar – Frummat, sbr. eyðublað.
2. Önnur fylgiskjöl eftir atvikum.